Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, Átthagar, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Átthagar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-13, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Útthagar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# I

Hamarhlíð var fremsti bærinn í
Austurárdal. Hann stóð einn sjer,
sunnan undir allstórum höfða, er
hjet Hamarhöfði; gekk hann frá
austri þvert vestur í miðjan dalinn
og stíflaði Austurá til hálfs, svo
að hún myndaði breiðan flóa, ~~sa~~ hann
náði alveg austur undir dalbrekkuna
sem var brött, víðivaxin og klettótt.
Það var líkast því, sem áin hefði
smeygt sjer, mjúklega og hægt, inn
í hverja dæld og hvern lækjarós
meðfram þeirri hlíð. Þar var hvergi
undirlendi. Vestur með Hamarhöfða
leið elfarbreiðan svo hægt, að varla
varð sjeð hvert straumurinn bar. Að
því lokum sveiflaði hún sjer í stríð-
um kaststreng fram fyrir vestur-
odda höfðans, fjell beint til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

norðurs, strangjökk og straumhörð, en er hallann þraut kvíslaðist hún, lygn og hyljótt um grænar engjar dalsins. Hamarshöfði var þverbrattur að vestan, skall áin á sljettu klettaþili hans, þar sem ~~hún~~ hún kom frá suðri, en því norðar sem dró lækkaði klettaþilið meira. Síðast rann höfðinn saman við lyngvaxin holt og hæðir austanvert í dalnum.

Þeim, sem komu norðan dalinn fannst Hamarshöfði vera ein af hinum mörgu lynghæðum, er teygðu sig frá austri ofan í dalinn, aðeins allmikið hærri, er til suðurs dró. Sízt af öllu gat þá grunað hve mikla fegurð hann duldi við aðra hönd. En um leið og þeir komu fyrir syðstu klettasúlurnar vestan í honum og sneigðu með ánni til austurs, sáu þeir sýn, er fáum gleymdist.

Að sunnanverðu var Hamarshöfði ein órlitin, græn vafin hlíð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í neðri hlíðinni stóð bærinn Hamar-
hlíð. Efst í Höfðabrúninni bar ein-
kennilega kletta við himinn. Þeir
virtust hanga í lausu lofti, að
mestu. Milli þeirra voru djúpir smá-
hvammar, grænir og skjólgóðir.
Neðan við hlíðina lá harður gras-
bakki að ánni. Hún var lygn,
sem stöðuvatn, er innar dró með
Höfðahlíðinni. Um allan flóann,
austur undir dalbrekku, sáust eyjar
stærri og smærri. Nokkrar þeirra
voru vaxnar reyni, björk, gulvið
og grávið; báru þær ýmsan lit.
Aðrar voru grasi vaxnar og sléttar,
bryddar hvönn og stör og með
stöku viðarrunna. Enn voru ~~aðrar~~ nokkrar
gróðurlausar og háar, líkastar
smágígum, upp úr vatninu og
bentu á eldsumbrot. Suður með
elfarflóanum vestan megin lá hár
og mjór hraunkambur. Hann var
forn og víða gróinn birki og fjall-
drapa. Gengu tangar úr honum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram í flóann. Vestan við bræmgarðinn blikaði á starengi. Lagin þar, eins og grænt sund suður á milli brammgarðsins og brattra lynghálsa að vestan. Í hásuðri sást Austurá koma, eins og hvít breiða ofan yfir ásana. Þók hátt í strengi hennar, einkum ef stórviðri var í nánd. Sjóblá fjöll í miklum fjarska risu í suðaustri og stakir dimmbláir hnjúkar sáust yfir austurbrún þessa einkennilega afdals.

Hamarshlíð var óðalseign. Hafði jörðin gengið í erfðir, svo langt sem menn mundu. Oftast í kvenleggnum. Í Hamarshlíð hafði ekki fæðst sveinbarn, er komst til fullorðinsára í þrjá mannsaldra. Ef bóndinn átti fleiri en eina dóttur hlaut hin elsta erfðarjettinn til ættaróðalsins. Hinar giftust burtu. Það hafði ekki borið til, í manna minnum að sú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem blaut, elsta dóttir bóndans í Hamarshlíð kysi að skifta um bústað. Enda var giftingin sett þeim skil-málum bundin, að tengdasonurinn byggi alla æfi í Hamarshlíð og léti ekki jörðina af hendi, nema að erfðum. Og ekki þótti neinum, er þekkti til þakkaverk, að bændurnir efndu þessi heit.

Þó að Hamarshlíð lægi hátt upp til fjalla var þar fagurt og gott undir bú. Takmarkalaust beiti-land, fram í öræfi, þurrar, kjarn-góðar engjar meðfram ánni og í hólmum hennar, auk stararengjanna ~~[illegible]~~ miklu vestan við bramnið. Slétt tún og mátti auka það, svo langt, sem Höfðahlíðin náði. Þar að auki var silungsveiði í ánni og varp í smáeyjunum út um allan elfarflóann. En það voru ekki eingöngu kostir jarðarinnar, sem bundu menn þar fastast, heldur hin afar-fjölbreytta náttúrufegurð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem alstaðar blasti við augunum, eða leyndist um hlíð og hraun. Ungir bændur í Hamarshlíð voru oft svo núsvirum skifti að finna nýja og nýja eftirlætisstaði í landareign sinni. Húsfreyjur þeirra rann með þeim úti í eyjar og hólma, klifu með þeim kletta og kjörr, sátu hjá ~~með~~ þeim í hellunum og hvelfingum í hrauninu, eða stóðu við hlið þeirra efst á hengiflugi Höfðaklapparna; þar, sem nálega öll landareignin blasti við þeim, innst fram í óbyggðir. Þar, sem höfðu alist þarna upp áttu allt af eitthvað nýtt til að sýna vinum sínum.

Þannig leið tíminn. Margar heimasætur höfðu alist upp í Hamarshlíð, gift þaðan burtu, eða orðið þar húsfreyjur. Þær höfðu sterk ættareinkenni, er hjeldust lið fram af lið. Allir vissu að þær voru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ríklundaðar, en þess gætti ekki í daglegri umgengni. Þær voru mjög orðvarar og stilltar. Beinvaxnar og þreklegar voru þær. Göngulag og limaburður virtist bera það með sjer, að þær væru því vanar, að ganga á sinni eigin jörð. Flestar höfðu þær djúp og skýr dökkgrá augu, hreinan yfirlit, bjart hár, en dökkar ~~brýr~~ og augnahár. Þessar dökku ~~brýr~~ og löngu, þjettu augnahár gerðu þær einkennilega svipmiklar, þó að þær væru hǣrundsljósar og unglegar.
Allar höfðu þær eitthvað ~~það~~ í fari sínu, sem bægði smámennunum frá því, að leita ráðahags við þær, enda þó ríkir væru. Það hafði lengi verið á orði í Austurárdal, hve mannvandar þær væru heimasæturnar í Hamarshlíð.

# Sumarkvöldið dró bláa góð-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-viðrisslæðu yfir ása og hlíðar, lagði geislabelti yfir Austurárflóann, milli blárra eyjaskugganna, og roðaði vesturhlíðina á hverri álfaklöpp í Hamarshöfðabrúnum. Hafgolan, sem leið inn yfir Austurárdal stefndi beint til suðurs, eins og hún vissi ekki af hlíðinni og árflóanum sunnan við Hamarshöfða. Þar var blæjalogn. En sólegin bleikjurfjöðrin í engjasundinu vestan við hraungarðinn bylgjaði mjúklega til þegar golan hvarflaði yfir hana, um leið og hún stefndi til heiða.

Þorgerður Pálsdóttir húsfreyja í Hamarshlíð gekk eftir sniðgötu er lá neðan af árbakkanum heim að bænum. Hún var rjett í herðum og frekin, með mikið hár; það hafði eitt sinn verið glóbjart, en nú var skuggi kominn í það og fáeinar hvítar hærur í liðunum, sem lágu niður með enninu og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vörgunum beggja megin. Enda var Þorgerður hálfffimtug að aldri og ekkja fyrir mörgum árum. Hún hafði verið að líta eftir sprettunni á engjunum. Gunnar gamli ráðsmaður var að ferta flatbátsraðan prammann í lágri sand-vík niður við ána. Hann hafði róið með húsmóður sína út í engjahólmana, svo að hún gæti sagt um það, hvern þeirra ætti að slá fyrst. Það var búið að hirða túnið og bakkann, neðan við hlíðina. Að morgni átti að fara með tjald og nesti út í Stóra-Víði. Það var vikuverk fyrir fólkið að slá og hirða þann hólma. Á meðan voru ekki aðrir heima en húsfreyja, dóttir hennar, rorkin mjalta-kona og smaladrengurinn.

Þorgerður var komin heim á hlaðið. Hún stóð framan við bæjardyrnar, bar hönd fyrir augu og horfði suðvestur í engjasundið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það var auðsjeð á skugganum, sem liðu yfir það, að fjöðrin var orðin allvel sprottin. – Já, í þessari blessaðri tíð þaut grasið svo upp úr jörðunni að fólkið hafði varla undan að slá og hirða. Þorgerður leit hýrum augum yfir engið. Svo gekk hún austur í túnið, að stórri heyhlöðu. Annað baggagatið stóð opið og sterkan ilm af nýhirtu, vel þurk-uðu heyi lagði fyrir. Um daginn hafði verið kastað í hlöðuna öllu bakkaheyinu. Þorgerður leit inn fyrir stafinn, greip hey-visk úr staðunni og dró að sjer anganina. Svo lokaði hún vengja-hurðunum hægt og skaut slánum fyrir. Enn á ný leit hún yfir óðal sitt. Mikil og fögur var sú auðlegð, sem henni hafði verið fengin í hendur, en þung var ábyrgðin, sem þeirri auðlegð fylgdi.

Sólin var að ganga undir Hamar-höfða. Síðustu geislarnir skinu hlýtt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á vanga Þorgerðar, þar, sem hún stóð og leit yfir dagsverk sitt. Engum ókunnum hefði getað blandast hugur um það, að hún væri húsfreyjan í Hamarshlíð. Hún var tigulleg ásýndum ~~föngulleg vexti~~ og sómdi sjer að öllu vel þar, sem hún stóð í þjóðbúningi sínum, svörtu pilsi og upphlut, með fornum, þykkum silfurmillum, peisuhúfuna á höfði, heimaofna dúksvuntu og stóra lyklakippu á gömlum útgröfnum koparskildi við beltið.

Ungar húsfreyjur í Hamarshlíð höfðu dreymt hinn sama draum, hverja af annari. Fagran vökudraum um einkason. Hraustan og fríðan dreng, er síðar yrði óðalsbóndi í Hamarshlíð, frömuður alls, er til umbóta horfði á ættarleifð þeirra og sómi hjeraðsins. Móðir Þorgerðar Skúlastóttur hafði sjeð fyrsta þátt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

draumsins rætast. Hún fæddi tvíbura, stóra, fallega drengi. En þeir dóu báðir í sömu vikunni, þegar þeir voru tveggja ára gamlir. Barnaveiki geisaði í Austurárdal, þá vissu menn enga lækningu við henni. Börnin hrundu niður. Húsfreyjan í Hamarshlíð varð hvít fyrir hærum á því ári; að öðru leyti sást henni varla vera brugðið. Hún eignaðist tvær dætur eftir það. Þær voru skírðar Þorgerður og Gunnhildur. Ættarnöfnin gengu í erfðir. Elzta dóttir í Hamarshlíð hjet ávallt Þorgerður. Gunnhildur giftist ung ríkum bóndasyni úr næstu sveit, en Þorgerður sat heima hjá foreldrum sínum, þar til hún var tuttugu og fimm ára. Ýmsir höfðu ávalt, að leita ráðahags við hana, en hún hafnaði öllum, ámælislaust. Það þótti ekkert tiltökumál, þótt hún væri mannvönd.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vorið, sem Þorgerður í Hamarshlíð var tuttugu og fimm ára kom nýr prestur í Austurárdal. Hann var ættaður úr fjarlægu hjeraði. Með prestinum kom hálfbróðir hans, fríður piltur og gáfulegur.
Fyrsta sunnudaginn, sem ungi presturinn messaði, var fjöldi fólks við kirkju. Dalbúar voru hrifnir af ræðu hans og töluðu naumast um annað en hann á heimleið frá kirkjunni.
En Þorgerður í Hamarshlíð þagði. Hún var ekki að hugsa um prestinn, heldur bróður hans. Enginn annar en hann skyldi verða óðalsbóndi í Hamarshlíð – hann, eða enginn.
Um haustið giftust þau.
Aldrei hafði sólin skinið yfir sælli hjón í Hamarshlíð en Þorgerði Skúladóttur og Arnór Þorleifsson. Þau voru nokkuð ólík, en það virtist ekki hnekkja gæfu þeirra hið minnsta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arnór var hvers manns hugljúfi, þýður í viðmóti og prúður í allri framgöngu. Ekki þótti vorkunn vinnufólkinu í Hamarshlíð hann vera búmaður, enginn talaði þó um það. Fólkið vissi, að Þorgerði myndi vera slíkt á móti skapi og hana vildi það síst af öllu ~~styggja~~. Hún fékk aldrei vanna svo nokkurt verk, að eigi leitaði hún álits manns síns, en allir vissu, að það hafði ekkert að þýða. Hann lét hana ráða öllu. Það fannst á, að gömlu hjónin báru meira traust til dóttur sinnar en tengdasonar, þótt þau ræddu eigi um það, nema sín á milli. Friður og stjórnsemi ríkti, eftir sem áður í Hamarshlíð.

Þegar búið var að kveikja í skammdeginu og fólkið allt var sest við innistörf, ~~þá~~ vissi það á hverju var von. Arnór bóndi kom fram úr baðstofu-húsi þeirra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

augu ljóranna, með bók í hendi.
Hann átti fjölda bóka og var óþreytandi, að lesa fyrir vinnufólkið, skýra því frá sýnum, sem það kannaðist ekki við og segja því frá fjarlægum löndum og stöðum.
Hann hafði sjálfur farið víða.
Þegar hann sat þannig og sagði frá var sem augu hans, dökk og stór ljómuðu og röddin hans yrði skarari og fyllri. Það kom stundum fyrir, að Þorgerður hafði til hans áhyggjuaugum frá sæti sínu; þar, sem hún var að sauma silfurlitt blóm í upphlutinn, eða spinna hinn fínasta þráð. – en þá leit hann til hennar, með svo mikilli ástúð og aðdáun, að hugur hennar varð rór á ný.
Að vísu hafði hann stigið fæti á marga strönd, sem hún hafði aldrei augum litið. Þar bjó listin og menningin, sem hann unni svo heitt, en hún vissi og fann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hann sagði satt: hana tók hann fram yfir allt.

Þegar leið að náttmálum lögðu allir niður vinnu sína. Það átti að fara að lesa húslesturinn. Gömlu hjónin komu stillt og alvarleg, fram úr stafnhúsi sínu og allir settust umhverfis þann, sem las. Þorgerður hafði verið látin lesa húslestur frá því, að hún var unglingur. Svo var henni hjelst, eftir að hún var orðin húsfreyja. Svo sungu allir, sem gátu sálm bæði fyrir og eftir og Arnór ljek undir á orgel. Hann hafði fagra rödd og unni mjög söng. Að lokum bauð allt fólkið hvert öðru góðar stundir. Skömmu síðar var gengið til hvílda og ljósin slökkt.

Þeim, sem eru ánægðir finnst tíminn líða skjótt. Sex ár er ekki langur tími fyrir þá, sem unnast hugástum. Þegar Þorgerður Skúladóttir og Arnór Þorleifsson höfðu búið sínu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~sex~~ ~~tö~~ ár í Hamarshlíð, lagðist Arnór banalegu. Hann veiktist snögglega með sárum kvölum. Læknir var sóttur, en hann gat ekkert ~~hjálpað~~ að gert. Arnór dó eftir hálfsmánaðar kvalafulla legu. Hann skilti eftir sig tvær dætur, Þorgerði fjögra ára og Gunnhildi ~~þ~~ tveggja ára.

Nú reyndi á þrek og hugprýði Þorgerðar húsfreyju. Hún hafði unnað manni sínum mjög, en það var fjarri skapi hennar, að láta hugfallast. Hún átti þó börnin þeirra eftir. Fyrir þau vildi hún lifa og starfa. Fyrir þau og — Hamarshlíð. Þegar vorannirnar komu varð Þorgerður að sinna mörgu. Jörðin krafðist ráða og dáða. Þorgerður tók allt á herðar sínar, en nú ráðfærði hún sig ekki við neinn. Foreldrar hennar veittu því athygli hvernig starfið dró hana smátt og smátt ~~til sín~~ á vald sitt, unz hún virtist vera orðin hin sama

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem áður. Þau lofuðu guð í hljóði og blessuðu, enn á ný, Hamarhlíð, sem hafði hrifið dóttur þeirra út úr eldi sorgarinnar.

Margir urðu til þess, að biðja hinnar skörulegu ekkju í Hamarhlíð. En hún gerði alla jafna. Kvaðst ekki ætla sér, að giftast aftur.

Og árin liðu.

Gömlu hjónin í Hamarhlíð lögðust til hvíldar í kirkjugarðinum í Austurárdal, við hlið ættmenna sinna.

Gunnhildur dóttir Þorgerðar og Arnórs dó, þegar hún var tólf ára gömul. Þorgerður bar missi hennar með hugprýði. En enginn vissi hve margar andvökunætur hún lifði.

Nú var Þorgerður dóttir hennar átján ára. Hún var mjög lík föður sínum og yndi allra í Hamarhlíð. Þegar á unga aldri bar á ríkum sönghæfileikum hjá henni. Móðir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar bjó að kenna henni á orgel föður hennar sáluga, veturinn áður en hún var staðfest. Síðan hafði hún dvalið tíma úr hverjum vetri í næsta kaupstað, til þess, að læra að leika á hljóðfæri og syngja.

Móðir hennar vildi ekki senda hana til Reykjavíkur, því síður til útlanda, þótt hún vissi, að þar var kostur á fullkomnari tilsögn við sönguámið. Það gat orðið til þess, að trufla allar fyrirætlanir hennar um framtíð einkadóttur. Þorgerður átti að verða húsfreyja í Hamarshlíð. Og hún þurfti að kunna fleira, en að leika á hljóðfæri og syngja. En móðir hennar skildi hvers virði henni var sönglistin. Heiðskíran vetrardag var vönduðu hljóðfæri ekið heim að Hamarshlíð. Þorgerður skyldi ekki þurfa að þrá aðra staði, vegna þess, að hana vantaði það.

Enginn hafði heldur sjeð hana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafnglaða og þegar hún kom út á hlaðið og sá, hvað var á sleðanum. Hún kysti móður sína, með tárin í augunum. Svo fór hún að sleðanum og strauk hljómborðið, innan í öllum umbúðunum, með hinni mestu nærgætni. Frá þeim degi bárust yndislegir hljómar um gamla, stóra Hamarshlíðar bæinn, seint og snemma.

Halldóra dóttir Sýslumannsfrúarinnar hafði kent Þorgerði, að leika á hljóðfæri og syngja. Hún kom til þess, að reyna nýja hljómborðið. Hún sagði að það væri miklu miklu vandaðra en sitt, og spurði Þorgerði hvað það hefði kostað.

„Það veit jeg ekki – mamma eydir því áreiðanlega, ef jeg spyr hana að því."

„Það hefur hlotið að vera dýrt", sagði Halldóra og horfði með aðdáun á spegilfágaðan dýrgripinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo gjekk hún fingurna leika gjill upp og ofan tönstigann.

„En þeir vinar!"

Hún leit til Þorgerðar og brosti.

„Já" – sagði Þorgerður lágt. „Jeg vildi að jeg kynni að leika, eins og þú hefir". – Hún var alvarleg og augun glömpuðu.

Hvorug þeirra hafði hugmynd um hve mikið fje móðir hennar hafði lagt út fyrir kjörgripi hennar.

# Sólin var að koma upp. Döggin lá, eins og blá hvít perlu-slæða yfir öllu. Hópur af fólki gekk röskloga fram bakkann neðan við Hamarshlíð. Það bar áhöld og nestiskrínur. Tveir ungir og sterk-legir piltar höfðu milli sín hvítt segltjald. Seinast kom Gunnar gamli ráðsmaður. Hann bar orf og hrífur saman bundin, tuggði hægt og seint tóbakstöluna sína

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leit yfir hópinn. Vonandi hafði ekkert gleymst. Stúlkurnar hlógu og spjölluðu hátt við orðhvatan unglingspilt, sem var að stríða þeim. Gunnari gamla var ekkert gefið um þennan hávaða. Hann náði fólkinu fremst á bakkanum, gekk þegjandi ofan í lendinguna Þar voru tveir prammar skorðaðir. Hann fór upp í þann stærri, athugaði hann vandlega, utan og innan; þvínæst kallaði hann til þeirra, sem báru tjaldið og sagði þeim, að koma með það. Þeir hlýddu tafarlaust. Gunnar gamli skorðaði það í prammanum. Fólkið tíndi farangurinn fram af bakkanum, Gunnar sagði fyrir um hvern hlut, hvar hann skyldi liggja. Að síðustu stigu allir upp í förin. Stúlkurnar völdu sjer sæti og piltarnir ýttu prömmunum á flot, með löngum krókstjökum. Þegar dýpkaði tók settust þeir undir árar og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem lægst suðaustur flóann.
„Drottinn veri í verki með okkur", sagði Gunnar gamli lágt, en skýrt og tók sem snöggvast ofan.
Dálitla stund heyrðist ekkert, nema gutlið í árunum og andakvak út um elfarbreiðuna. Þá fór unga fólkið að brosa og skrafa á ný.
„Róið þið varlega, drengir mínir", sagði Gunnar gamli og leit til suðurs, þar lágu klettasker á við og dreif, rjett framundan. „-Hann getur verið viðsjáll flóatetrið hjerna. Jeg ætti nú að vera farinn að þekkja hann."
-Heima á hlaðinu stóð Þorgerður húsfreyja og horfði á eftir fólki sínu. Hún sá smáförin þræða liðlega inn á milli skerjanna og stefna til suðausturs.
Meðan hann Gunnar gamli getur verið með, er öllu óhætt, hugsaði hún og gekk inn í bæ.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Móðurfaðir Þorgerðar Skúladóttur hafði byggt bæinn í Hamarshlíð. Hann þótti þá myndarlegasti bærinn í Austurárdal. Nú var hann tekinn að fyrnast, þótt honum væri haldið við, með aðgerðum og fyrirmyndar umgengni. En einhver rausnarblær var þó enn þá yfir hinum mörgu þiljum, er snéru fram á hlaðið, breiðri steinstjéttinni, sem var hlaðin meðfram allri húsaröðinni, kálgarðinum er lá framan við hlaðið jafnlangt og bæjarþorpið náði og þjettvöxnum burnirótarskúfunum efst framan í veggjunum, milli allra þilstafnanna. Á bak við fremstu húsaröðina sáust þrjú, löng, reisuleg þök, er lágu austur og vestur, þvert á móti stafnþiljunum, er fram á hlaðið vissu; — þau snéru í hásuður. Öll húsin mynduðu ferkantað bæjarþorp. Beint í gegn um það mitt lágu göng, breið og löng, inn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að baðstofudyrunum. Á báðar hendur voru háar og breiðar dyr, með þungum, fornlegum hurðum fyrir. Innst í bæjarþorpinu lá baðstofan austur og vestur. Uppi á þaki hennar voru margir gluggar, ýmist móti suðri eða norðri, en enginn á stöfnunum. Baðstofunni var skift í þrennt. Miðhlutinn var langstærstur og var hann ætlaður vinnufólkinu, en í báðum endum voru afþiljuð hús og var annað ætlað ungum hjónum en hitt rosknum hjónum. Í Hamarshlíð voru eftast tvenn hjón, yngri og eldri. Þó að dæturnar giftust í ýmsa staði voru gömlu hjónin ávallt kyr í Hamarshlíð til dauðadags. Nú bjó Þorgerður Skúladóttir þar ein með dóttur sinni.

Oft andvarpaði hún hljóðlega, þegar hún gekk um hin fornu, rúmgóðu húsakynni sín. Hún átti aðeins eina dóttur á lífi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hugur hennar virtist allur stefna að því, að verða listakona.
Hvernig átti hún að verða húsfreyja í Hamarshlíð? – Þorgerður Skúladóttir vissi, af eigin reynslu hvað það útheimti. Hún kunni reyndar mætavel við gamla bæinn sinn. Þó sá hún oft í huga stóra, nýja bygginguna, þar, sem háir og breiðir gluggar hlógu móti sól og suðurátt, kristalstær bæjarlækurinn kvíslaðist um leiðslu æðar og rafljósið varpaði hvítum ljóma yfir háar og fagrar stofur.
Hún geymdi þann draum hjá sjer einni. Hvernig átti hann að rætast? –
Oft óskaði hún, að Þorgerður dóttir hennar fengi ást á einhverjum framkvæmdarsömum og stórhuga manni, svo sterka, að hún ljeti hana gleyma öllum draumunum um list og flug út í víða veröld.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ást, sem gæti látið hana taka
fegurðarþráina í þjónustu heimilisins,
líkt og faðir hennar hafði gert.
Hann hafði þó verið hamingjusamur.
Það gat Þorgerður orðið líka.
En nú hafði hún þegar vísað
þremur efnilegum ungum mönnum
frá sjer. Hún hafði gjört það mjög
einarðlega. Það líkaði móður hennar
vel.
Hún giftist engum, nema þeim,
sem hún getur elskað, sagði Þorgerður
Skúladóttir við sjálfa sig. – Það gerði
jeg ekki heldur.

Í túninu, rjett ofan við bæinn
í Hamarshlíð var hár hóll. Hann
var þverhniptur að austan. Þar
spratt upp bæjarlækurinn.
Hann kom fram undan blágrýtis-
klöpp, sem var austan í hólnum.
Rjett neðan við uppsprettuna fjell
hann fram af dálitlum stalli. Þar
hafði verið lögð í farveginn stjett

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

steinhella; fram af henni rann lækurinn í sljettri, breiðri bunu, ofan í djúpa helluþró, úr þrónni fjell hann aftur í dálítið lægri bunu og streymdi síðan ofan túnbrekkuna, eftir beinum farvegi. Tveir flatir steinar stóðu, sinn hvoru megin við lækjarþróna, neðan við efri bununa. Þar sátu konur, þegar þær þvoðu lín í læknum. En mjólkur-skjólur og aðrir ílápar voru sandþvegin við neðri bununa og breidd til þerris á dálitla stein-stjett, er var hlaðin upp í bakkann austan megin lækjarins. Þar gisnuðu ílátin varla, því sólin skein ekki á þau fyr en eftir nón. Þá voru þau tekin, borin inn í bæ og hvolft á láger, hvítþvegna trjebekki í mjólkurhúsinu. Þar biðu þau kvöldmjaltanna, þrifleg og snjóhvít.

Laugardagsmorgun einn, snemma í Ágústmánuði sátu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tvær konur á þvottasteinunum við bæjarlækinn í Hamarshlíð. Það var Þorgerður húsfreyja og dóttir hennar. Þar þvoðu lín og lögðu það frá sjer í tvo stóra trjebala, er stóðu hjá þeim. Undanfarna viku hafði verið besti heyþerrir hvern einasta dag. Mikið af nýslegnu heyi lá undir í Hamarshlíð. Það var þurkað og hirt, en þvotturinn látinn bíða til laugardagsins.

Annars var það eins af hinum gömlu, föstu reglum í Hamarshlíð, að þvo fataþvott annan hvern mánudag.

„Er þjer ekki kalt á höndunum, Gerða mín," sagði Þorgerður húsfreyja. ~~Hún~~ Hún fylgdi með augunum, hvítum og liðlegum höndum dóttur sinnar, er þær drógu línið fram og aftur í tærum vatninu. Hún vildi ekki, að þær hendur yrðu stirðar ~~af~~ af ofreynslu eða kulda, þó að hún hefði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fremur borið, að sjá þar sauma eða vefa, heldur en hoppa fram og aftur um bljóðfærið hálfan daginn. Og þó var sönglist Þorgerðar eitt af því fegursta og besta, sem lífið hafði gefið henni. Hver tónn undan fingrum hennar og hvert orð, er hún söng fannst henni vera kveðja frá ástvini sínum, — frá föður barnsins, sem allar hugsanir hennar og vonir ófu sig utan um, eins og mjúkir, óslítandi þættir.

„— Nei, mamma, mjer er sama sem ekkert kalt", sagði Þorgerður og skellti saman votum lófunum. „Nú er jeg búin úr balanum mínum. Lof mjer að hjálpa þjer."

Hún seildist yfir lækinn eftir meira líni, en þá var riðið hart í hlaðið og upp Lækjargötuna til þeirra mæðgna. Þær litu báðar upp.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það var vinnumaður af prestsetrinu, sem kominn var. Hann heilsaði og rjetti Þorgerði Arnórsdóttur brjef. Hún braut það upp og las, rjetti það síðan móður sinni, þegjandi.

Þorgerður Skúladóttir leit hægt yfir blaðið. Á því voru aðeins örfáar línur, sem prestkonan hafði skrifað. Hún bað Þorgerði Arnórsdóttur, að koma út á prestsetrið og aðstoða ungan söngvara, er ætlaði að skemmta fólki eftir messu á sunnudagskvöldið. Hann var alkunnur og þegar orðinn frægur. Þorgerður var líklegust allra þar, til þess, að geta leikið undir fyrir hann, á kirkjuorgelið. Prestkonan bað hana, fyrir alla muni að koma. Þorgerður Skúladóttir lokaði brjefinu hægt og rjetti dóttur sinni það.

„Fer þú beint heim aftur?“ spurði hún piltinn.

„Nei, jeg á að ríða heim á hvern bæ og sýna þar þessa aug-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-lýsingu. Hann dró stórt umslag upp úr vasa sínum. Mæðgurnar lásu auglýsinguna og pilturinn fór. Þorgerður húsfreyja sagði, að frúin skyldi fá svar fyrir miðjan dag.

„Treystir þú þjer til að gera þetta?“ spurði hún hægt, eftir stundar þögn.

„Jeg veit ekki – einhver verður að reyna.“

Þær þvoðu línið, sem eftir var, án þess, að tala fleira.

Þorgerði Arnórsdóttur fannst, sem hún hafa heyrt vængjaþyt í bláu lofti. Hugur hennar var órór og glaður. Móðir hennar óttaðist söngvarann og list hans. En hún vildi ekki þvinga dóttur sína.

– Þegar fjallasvanurinn flýgur kvakandi yfir dalvatnið, er hlustað og munað úr grænum sefinu. Fullvaxinn álftarunginn skilur, að hann hefur sterka vængi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Haustið var að ljúka störfum sínum í dalbygðinni. Laufvindar höfðu sópað saman fjettum dyngjum af visnum blöðum undir hverjum runni, tínt hverja einustu lausa blómkrónu og blásið ofan í lækjarskorningar og árfarvegi stráunum, sem rakstrarkonurnar höfðu skilið eftir um tún og engjar.
Farfuglarnir voru horfnir yfir fjöll og heiðar, að eins einstöku undanvillingar læddust þöglir og hræddir um lautardrögin og tíndu fræ.
Þeir skimuðu og hlustuðu í allar áttir, eins og þeir ættu von á fjelögum sínum; en þeir voru lagðir út á hafið og hugsuðu um það eitt, að ná sem fyrst grænni strönd.
Rjúpurnar sveimuðu, með ungahópana á eftir sjer. Þær runnu eftir fjárstígunum um heiðar og brekkur og bældu sig í víðirunnunum. Þær höfðu engan ákveðinn líf og voru alstaðar hræddar. Hávellurnar voru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flognar út að hafi og smáfuglarnir
þagnaðir. Það tók hátt í strengi
Austurár. Veðradynur í fjöllunum
heyrðist glöggt þegar allt var
hljótt. Mjallhvítt sauðfje, ný-
komið úr síðustu göngum lá og
hvíldi sig jórtrandi á engjunum
eða í hvömmum og viðardældum
upp um brekkurnar. Kúnum var
ekki hleypt út úr fjósinu fyr
en um hádegi, vegna næturhjelunnar,
sem lá yfir öllu fram á dag. Þær
dröttuðu hægt út í túnið, bitu
grasið innan úr vallargarðinum
og hvamminna meðfram bæjar-
læknum. Síðari hluta dagsins lágu
þær hálfsofandi og saddar kringum
bæinn, innan um hænsni og
þreytta fjárhunda.
Það var búið að gera í kringum
hvert einasta hey og dytta að
gömlum peningshúsum. Allt virtist
bíða - hlusta og bíða.
Fyrsti snjórinn gat fallið þegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minnst varði.

Þorgerður Árnadóttir var alein fram í loftherbergi, sem lá yfir nokkrum hluta „austurstofunnar", sem kölluð var. Það var stór stofa, næst bæjardyrunum á [illegible] hönd; loftinu yfir henni var skift í tvennt: fataherbergi og þvottaherbergi. Þvottaherbergið sneri fram á hlaðið og var einn gluggi, með sex jöfnum rúðum á miðjum framstafni. Það var með skarsúð, ómálað, sandþvegið og bragðlegt. Einar dyr voru á norðurstafni, beint á móti glugganum. Á gólfinu miðju stóð gömul, stór og þung grjótþvottavinda. Undir glugganum var langt og breitt borð og tveir lágir bekkir fram með báðum hliðum herbergisins. Þarna var heflaður og sljettaður allur þvottur á heimilinu.

Á báðum bekkjunum undir herbergissúðunum lá sljettaður og brotinn þvottur. Snjóhvítt lín og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mislit föt. Þorgerður sat á þrífættum stól við borðið og horfði út um gluggann. Hún hafði verið að hefla og bjóta þvottinn með tveimur vinnukonum. Nú átti hún eftir að ganga frá honum í skápunum og dragkistunum. En hún bráðaði sér ekkert. Blálygn elfarflóinn, með blikandi eyjum og klettaskerjum hvíldi augu hennar. Þó sá hún ekkert af fegurð hans. Hugur hennar leitaði suður yfir fjöll og firnindi, út á hafið og yfir það. Í óljósum hyllingunum sá hún fjarlæg lönd og borgir. Þar bjó sá, sem hana dreymdi, í vöku og svefni. Söngvarinn, sem hafði á burtu með sér hug hennar allan eftir örstutt kynni. Hún þorði engum að segja það. Vildi það ekki heldur. Sjálfsagt kom hann aldrei framar. En hún gat ekki hætt að þrá hann. Hana dreymdi dýrðlega vökudrauma

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um ríki listarinnar; þar, sem hann var konungur og hún drottning.
Enginn mátti vita það.
Aldrei mundu þeir draumar rætast.
Þorgerði grunaði stórt, að móðir hennar vissi jafnsnemma og hún, að hún unni Eysteini Björk söngvara eins heitt og hún sjálf hafði unnað föður hennar.
Vorið eftir kom hann.
Meðan allar lindir í skógarbrekkunni austan við elfarflóann ~~[illegible]~~ léku á strengi sína og þrestirnir áttu kappsöng í angandi birkilimunum, sat hann með Þorgerði í faðmi sér í einum skógarrjóðrinu og sagði henni frá heimþrá sinni og ást.
Að hann hefði fundið það, að þau ein ættu saman um sumarið, þegar hann kvaddi hana, en ekki þorað að treysta því að fullu. Nú vissi hann, að aldrei gæti hann orðið sæll án hennar. Hann hafði sungið, svo allir stæðu á öndinni, þegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þráin greip hann og óttinn um það, að missa hana áður en voraði og hann kæmist á fund hennar.
* Þorgerður hlustaði á orð hans og horfði í augu hans, hrein og sælufögur. Hún trúði naumast hamingju sinni.

Eysteinn Björk dvaldist í Hamarshlíð mest allt sumarið.
Um haustið giftist hann Þorgerði Arnórsdóttur og fór með hana suður í lönd.

Kyrran, svalan haustmorgun kvöddu þau allt heimilisfólkið í Hamarshlíð úti á hlaðinu. Þorgerður húsfreyja ætlaði að fylgja þeim út að kirkjustaðnum í Austurárdal.
Unglingspiltur var kominn á stað á undan þeim, með flutning á áburðarhestum.

Fólkið stóð þegjandi á hlaðinu og horfði á eftir gæðingunum þeirra, sem töltu hratt vestur árbakkann.
Þá langaði mjög í sprett, en var

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldið til baka. Á brökkum góðtölti þöndu þeir sig vestur allan bakkann og skilaði drjúgum, unz þeir hurfu niður að ánni. Ágætt vað var á henni þar, sem flóinn endaði og hún sveigði til norðurs. Í morgunkyrðinni heyrðist glöggt skvampið í ánni, þegar hestarnir óðu út í hana. Stúlkurnar heima á hlaðinu þurkuðu sjer um augun. Engin vildi missa sjónar á ferðafólkinu fyr en það væri horfið undir hólana utan og vestan við ána. Hestarnir óðu rösklega. Eftir litla stund komu þeir upp á vesturbakkann, einn eftir annan. Þegar þeir voru allir orðnir samhliða var þeim lofað að fara. Þeir stukku fáein há stökk, svo flugu þeir áfram á skeiði og hurfu, innan skamms undir hóla og holt.

„Guð fylgi henni alla tíma og daga", sagði Guðbjörg gamla. Hún

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tregaði eftirlæti sitt og yndi, sem hún hafði borið á handlegg sjer meðan hún vann verkin sín og ætíð haft á nóttunni, ef húsmóðir hennar veiktist eða fór í ferðalag.

Guðbjörg varð fyrst til þess, að hverfa inn í bæinn. Hún sá ekkert fyrir tárunum og rölti inn í húsið, þar sem Þorgerður hafði sofið síðustu næturnar hjá eiginmanni sínum. En þar var allt tómt. Hún hvarflaði þaðan aftur, eirði sjer hvergi og gat ekki hætt að tárast. „Guð blessi hana", hvíslaði hún lágt, „enginn fær betri konu. Verlings húsmóðir mín". –

Svona eigraði gamla konan fram og aftur. Loks settist hún á rúmið sitt og fór að spinna kepppaþráð, en tárin ultu allt af ofan í kjöltu hennar, við og við.

Fólkið tíndist hægt og hægt burt af hlaðinu og til starfa sinna. Hver hugsaði sitt, en allir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundu til saknaðar og kendu í brjósti um Þorgerði Skúladóttur, að hún skyldi þurfa, að sjá af dóttur sinni. Hún átti nú að verða húsfreyja í Hamarshlíð þegar —?. Fólkið vildi ekki hugsa til enda þá hugsun.

#Seinastur fór gamli Gunnar ráðsmaður burtu af hlaðinu. Hann gekk, eins og af gömlum vana, út að reiðtygjaskemmunni, leit inn, lagfærði beizli og annað, sem honum þótti fara illa og lokaði síðan skemmunni hægt; en hann var annars hugar. Fyrir hvern átti svo sem að vinna?— Þó að hún eignist nú börn, þá verða þau varla hjer, fremur en hún sjálf. Hún var æfinlega öll í föður ættinni. Ef hún hefði líkst móður sinni, þá hefði hún aldrei farið úr Hamarshlíð. — Nei, víst ekki — hún hefði aldrei

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farið – það veit jeg.
Gamli maðurinn gekk út fyrir bæinn og þurkaði sjer um augun. Hann sá ekkert, nema andlit Þorgerðar Arnórsdóttur, fljótandi í tárum. – Eitthvað fann hann nú til. – Vonandi var Eysteinn maður til þess, að búa eins vel að henni og þurfti. En hvergi hefði henni nú samt liðið betur en hjer í Hamarshlíð, ef henni hefði getað þótt vænt um einhvern annan. – Gunnar gamli lagfærði flókahatt sinn og staulaðist, með hendurnar fyrir aftan bakið upp túnið. Hann ætlaði að líta eftir bræðrunum. Þeir höfðu verið kvöldinu áður uppi í brún. Hann hafði sjeð Barða gamla ganga fram á einum flata klettinum í hlíðarbrúninni. Þar hafði hann staðið æði lengi hjótrandi og horft, eins og konungur, yfir sveitina. Gunnari gamla

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þátt vissara, að gá að því hvort lambhrútarnir hefðu haft vit á því, að fylgja þeim eldri, þegar afrjettarfjeð bættist við í heimahagana. Hann rölti kunnuglega upp smiðgötur og lautir og hvarf undir neðstu klettana í brúninni.
- Um nónbil reið Þorgerður Skúladóttir heim bakkann neðan við Hamarshlíð. Hún hafði hvergi komið, frá því hún kvaddi dóttur sína og tengdason við dalveginn, nema í kirkjugarðinn. Þangað hafði hún gengið og setið um stund við leiði Gunnhildar dóttur sinnar. Það var líkt og hvíldarlaus hugur hennar leitaði skjóls hjá því barninu, sem var dáið. En þar var ekkert að finna, nema minningin og söknuð-mjúkan söknuð. „Drottinn minn, styrk þú mig og hjálpaðu mjer", sagði hún í hljóði og stóð á fætur eftir stundardvöl. Hún hafði þó unnið einhverja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sú við það, að geta grátið yfir
þessi óþekkjanlegu leiði. Þar átti hún
hvíldina vísa – að lokum.
En hún gat ekki misst
vonina, að fullu – vonina um
það, að einhver nyti góðs af
starfi hennar og stríði – eitthvert
náið ættmenni, sem skildi tilgang
hennar og fyrirætlanir. Henni var
kvalræði að hugsa sjer Hamar-
hlíð í ókunnugra höndum.
Og hver vissi, hvað beið Þorgerðar
þar úti í víðri veröld? –
Hún hafði vakað yfir henni,
eins og dýrmætri perlu, fylgt
henni hvert fótmál. Hvernig
gat hún misst þá vernd?
Hún þekkti ekki það líf, sem beið
dóttur hennar, en vafalaust var
það fullt af nýjungum og hættum,
sem hún þekkti ekki heldur sjálf,
saklaust sveitabarnið. – Nei,
það var synd, að hugsa þannig.
Átti hún þá ekki að treysta guði? –

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hún reyndi, að sannfæra sig um það, beygja vilja sinn undir vilja forsjónarinnar, en – hún vissi ekki fyr. en sömu hugsanirnar voru komnar aftur, hálfu áleitnari en fyr – aftur og aftur. Jeg þarf samt engu að kvíða, reyndi hún að segja við sjálfa sig, meðan hún reið heim að bænum. – Engu, meðan jeg hefi heilsuna til að vinna. Starfið hefur aldrei brugðist mjer. Það hefur bjargað mjer fyr.

Hún reið rösklega í hlaðið, heilsaði alúðlega fólkinu, sem kom út á móti henni.

„Jeg átti að bera öllum kveðju frá „Gerði og Eysteini", sagði hún, rjetti smaladrengnum tauminn á Blesa, Gunnu litlu frænku sinni silfursvipuna og fór að klæða sig úr reiðfötunum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Haustnóttin grúfði yfir fjöllum og dölum. Á bænum í Austurárdal var búið að slökkva ljósin, sem höfðu verið kveikt, meðan fólkið var að hátta. Enn var vetrarvakan ekki byrjuð til fulls. Það var aðeins brugðið upp ljósi síðast á kvöldin. En í Hamarshlíð logaði ljós í svefnherbergi húsfreyjunnar, þótt komið væri fram yfir háttatíma. Það skein glatt út um litla þekjugluggann. Engin skýla var fyrir þeim. Þorgerður Skúladóttir var háttuð, en ekki sofnuð. Hún hallaðist upp að koddanum og var að lesa sendibrjef. Það var frá Þorgerði dóttur hennar. Brjefið hafði komið með pósti, snemma dagsins. Þorgerður húsfreyja braut það upp og las. Hún sagði heimilisfólkinu þau tíðindi, að dóttir hennar væri búin að eignast son, suður í Sviss. Hitt nefndi hún ekki við neinn, að þau ungu hjónin gerðu ráð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir að koma heim í Hamarshlíð með vorinu, til sumardvalar. Það gat farið einhvernveginn öðruvísi. Hitt var víst, að suður í löndum var fæddur sveinn og þegar nefndur Arnór. Það voru gleði-tíðindi fyrir alla á heimilinu.

Þorgerður húsfreyja hlakkaði til kvöldsins, þegar hún næði hvíld að ljúka störfum sínum og gæti í næði hugsað og glaðst, óttruflað yfir bréfinu frá dóttur sinni. Nú las hún það einusinni enn. Hún þurfti að fullvissa sig um það allt... „sýnist hann líkur myndinni af pabba – fjarska hraustur og stór. – Nú skal lítill drengur hlaupa um bæinn í Hamarshlíð næsta sumar."

Þorgerður horfði á orðin þangað til glampinn af tárum hennar huldi þau til hálfs. Hún gat ekki lagt saman bréfið eða hætt að horfa á það. Hugurinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar var þrungninn af gleði og von. Henni var, sem hún fyndi þytinn af vængjum löngu burtflöginna unaðsdrauma. Margt fagurt hafði hana dreymt hjer á þessum beði, við ástvinar hlið. Áttu nú draumarnir loks að rætast — á þennan hátt? — En hvað var hún að hugsa? — Ekki mátti hún vænta þess, að þessi litli sveinn tæki lífstarf hennar á herðar sjer. Hann, sem var listamannsbarn í báðar ættir. Hann myndi koma með farfuglunum á vori og fljúga burtu með þeim á hausti. Gleði myndi hann færa henni í hvert sinn. Hún mátti ekki krefjast neins fyrir sig og Hamarshlíð. Heimkynni hennar átti aðeins að verða stundarskjól fyrir líf og fegurð. Hún hafði reynt að þagga þá rödd, sem krafðist ættarinnar fyrir óðalið, en röddin talaði samt djúpt inni í sál hennar. Hún hafði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reynt, að beygja vilja sinn, en hann svignaði aðeins til jarðar og rjetti sig upp aftur, líkt og seigur, staltur viður, sem ekki getur brotnað eða bognað, aðeins látið undan, sem snöggvast og síðan staðið jafnrjettur og áður. Þannig var henni farið.
Áður en hún vissi af, var hún farin að vefa vonarþræði sína um litla dóttursoninn, sem bar hið dýrmæta nafn. Lengi lá hún vakandi í ljósbirtunni, hugsaði og mintist margs. Og þegar hún var búin að slökkva ljósið og svefnværðin var tekin að rugla hugsanir hennar, sá hún fögnum mundum bregða fyrir. Þar voru allar af Hamarshlíð, eins og hún gat fegurst orðið. En gegn um draummókið og sýnirnar hegðí hún fagra sína.
Þeir bárust frá löndum dáins ástvinar og fjarlægrar dóttur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur